

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

24. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 17. apríl apríl kl. 9:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Örn Elías Guðmundsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson. Fundur fer fram í formi fjarfundar vegna samkomubanns.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson setti fundinn.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundarsköp – notkun fjarfundarbúnaðar og neyðarstjórn.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis og samgöngunefndar 15. apríl 2020.
4. Ofanflóðasjóður/Ofanflóðanefnd – svar við erindi vegna sumarbyggðar.
5. Verkefni 2020 – framkvæmdir og viðhald eigna.
6. Íslenskur kalkpörungur.
7. Skýrslur – fundargerðir – umsagnarmál.
8. Kosning fulltrúa og varamanna í nefndir og félög Súðavíkurhrepps.
9. Umsóknir og samningar.
10. COVID-19 – staða og aðkoma Súðavíkurhrepps.

Afgreiðsla erinda:

1. Fundarsköp – notkun fjarfundarbúnaðar og neyðarstjórn.
Samþykkt samhljóða að nota fjarfundarbúnað til þess að halda sveitarstjórnarfundi og nefndarfundi meðan þörf er aðkallandi í samkomubanni vegna COVID-19. Fyrirkomulag verði þannig á fundum um óákveðinn tíma meðan ástand varir. Neyðarstjórn skipuð eftir þörfum ef til þess kemur að sveitarstjórn verði óvirk.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis og samgöngunefndar 15. apríl 2020.
Samþykkt samhljóða.
4. Ofanflóðasjóður/Ofanflóðanefnd – svar við erindi vegna sumarbyggðar.
Vísað í fundargerð skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngu frá 15. apríl 2020.
5. Verkefni 2020 – framkvæmdir og viðhald eigna.
Fá dagsetningar á ljósleiðaraverkefni sem farið verður í í vor/sumar. Staðfest að Vegagerðin fer í mælingar vegna dýpkunar hafnar næstu viku. Mæla þörf fyrir viðgerð á malbiki. Fá dagsetningar og staðfestingar á því hvenær unnt er að fara í framkvæmdir og viðhald eigna hreppsins.

6. Íslenskur kalkþörungur.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur áherslu á að fá fram samning við Íslenskan kalkþörung um uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Álftafirði, tímamörk verkefnisins og áætlun um hvenær framleiðsla gæti hafist.

Sveitarstjóra falið að virkja ráðgjafarstofu um framhald verkefnisins.

7. Skýrslur – fundargerðir – umsagnarmál.

Erindi frá Eldingu – félagi smábátæigenda, dags. 15. apríl 2020 um ályktun um fyrirkomulag strandveiða. Þar kemur fram tillaga um að í stað þess að 48 veiðidagar skiptist jafnt á 4 mánuði verði heimilt að nýta þá á ársgrundvelli frá 1. maí nk. - 30. apríl 2021. Auk þess að aflétta fyrrnefndu banni við að róa 3 daga í viku.

Súðavíkurhreppur tekur undir erindið og styður tillöguna.

8. Kosning fulltrúa og varamanna í nefndir og félög Súðavíkurhrepps.

Frestað til næsta fundar.

9. Umsóknir og samningar.

Kynntir þeir samningar sem gerðir hafa verið s.s. á sviði kjaramála, félagsþjónustu og slökkviliðs. Sveitarstjóra falið að klára undirritun samnings vegna veiðiréttar í Ísafjarðará og ganga frá samningi um afnot lands undir æðarvarp á Langeyri.

10. COVID-19 – staða og aðkoma Súðavíkurhrepps.

Súðavíkurhreppur leggur til að fyrirtæki og einstaklingar, sem byggja afkomu sína á ferðþjónustu eða verða fyrir tekjuskerðingu af völdum samkomubanns og afleiðinga COVID-19 ræði sín á milli um stöðuna og hugsanlegar aðgerðir. Óskað eftir tillögum að markaðsátaki og úrbótum. Súðavíkurhreppur mun styðja við atvinnugreinarnar með markaðsátaki og fleiri aðgerðum sem kunna að gagnast og leggja fram fjármagn til verkefnisins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:29

Elsa G. Borgarsdóttir

Örn Elías Guðmundsson

Karl Guðmundur Kjartansson

Ásgeir Hólm Agnarsson

Samúel Kristjánsson oddviti